

Ályktun um vindorku

66. Fjórðungsþings Vestfirðinga, haustþing haldið á Ísafirði 22. og 23. október 2021 fagnar öllum aðgerðum sem lúta að því að auka raforkuöryggi og framleiðslu á Vestfirðum. Þá fagnar þingið þeim áhuga sem vindorkuframleiðendur hafa sýnt svæðinu. Nú er svo komið að í einu sveitarfélagi á svæðinu, Reykhólahrepp er vinna komin á fullt við uppbyggingu vindorkugarðs.

Þingið kallar eftir því að Alþingi klári hið fyrsta fjórða áfanga rammaáætlunar um vernd og nýtingu landsvæða. Fyrir liggur tillaga verkefnisstjórnar rammaáætlunar síðan í mars um flokkun svæða sem býður samþykkis frá Alþingi. Í nýtingarflokki þeirrar tillögu er m.a. vindorkugarður í Garpsdal sem er langt er komin á veg í undirbúningi.

Skipulagsstofnun hefur neitað að samþykkja skipulagstillögu Reykhólahrepps um iðnaðarsvæði undir vindorkugarð á þeim forsendum að framkvæmdin sé ekki í núverandi rammaáætlun, þrátt fyrir að ekki sé lagaheimild fyrir því. Þetta setur öll áform Reykhólahrepps og EM orku í hættu sem verður ekki við unað.

Ingimar Ingimarsson, Árný Huld Haraldsdóttir, Embla Dögg Bachmann Jóhannsdóttir